



Endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025

Verkátætlun til yfirferðar – drög 4. mars 2021 - ÁÓ

1. Verkáfangar






Hér er verkáætlunin í heild á ólæsilegu formi. Verkáfangar eru læsilegir í næstu köflum.

Verkþættir tengjast með einum eða öðrum hætti og er tímalína verksins því ekki jafn bein braut og sýnd er í verk- og tímaáætlun.

2. Undirbúningur



Forsendur liggja að stórum hluta fyrir í gildandi aðalskipulagsgögnum en þær þarf að yfirfara og uppfæra þar sem ástæða er til.


Litið var á helstu lýðtölur við gerð lýsingar. Þær má uppfæra auk þess sem samhengi þeirra við áætlun svæðisskipulagsins þarf að skýra nánar og auk þess draga af þeim ályktanir t.d. um íbúðarþörf.

Hjá fasteignamati má fá lýðtölur og upplýsingar um húsakost eftir þeirri hverfaskiptingu eða svæðaskiptingu, sem Hafnarfjarðarbær óskar. Kostnaður lítill.

Hjá Hagstofu eru vinnumarkaðsgögn birt eftir landssvæðum þannig að engar tölur er hægt að fá um Hafnarfjörð nema með sérvinnslu. Ath betur.

Gróf mynd fæst af vinnumarkaði Hafnarfjarðar með greiningu Byggðastofnunar á atvinnutekjum eftir atvinnugreinum. Með því að glugga í eldri skýrslur má fá mynd af þróun atvinnugreina. Þessar tölur eiga við íbúa Hafnarfjarðar en ekki vinnustaði.


3. Stefnumörkun



Ræða þarf umfang samráðs og aðferð t.d. gagnvart íbúum almennt annars vegar og íbúum einstakra hverfa hins vegar. Einnig með hvaða hætti haft verður samráð við hagsmunahópa, atvinnulíf og menningarlíf.


E.t.v. má nýta dreifirit með upplýsingum auk gagna á vefnum með opinni eða jafnvel gagnvirkri vefgátt og umræðuvettvangi. ATH með tölvusérfræðingum bæjarins.

4. Vinnslutillaga/drög



Umhverfismat áætlunarinnar á að vera vinnuáferð við mat og val þeirra skipulagskosta, sem til greina koma. Ekki á að vinna umhverfisskýrslu eftir á. Umhverfisskýrslan verður til hér.


5. Skipulagstillaga



6. Samþykktarferli



7. Tímaáætlun



Grófunnin tímaáætlun miðast við að verkinu ljúki í árslok 2022.

Samráð tekur talsverðan tíma og líklegt að sá tími sé vanáætlaður.

Vegna daglegra starfa og annarra viðfangsefna geta þeir verkþættir, sem gert er ráð fyrir að unnir verði af starfsmönnum Hafnarfjarðar geti tekið lengri tíma en hér er áætlað.

Málsmeðferð, umfjöllun og ákvarðanatáka innan sveitarfélaga tekur oft mun lengri tíma á dagatalinu en gert er ráð fyrir í upphafi.

Tímaáætlun er því viðmiðun og jafnvel markmið – en mjög líklegt er að vissir þættir taki lengri tíma en miðað er við hér.

8. Verklag, verkaskipting – uppkast til umræðu

Hagstæðast er fyrir sveitarfélag að halda megininu af aðalskipulagsvinnunni innan bæjarkerfisins. Fara þarf yfir verkaskiptingu og meta þörf fyrir aðkeypta vinnu skipulagsráðgjafa og annarra sérfræðinga.

Meginatriði aðalskipulagsins felst í stefnu sveitarfélagsins um byggð, þjónustukerfi og umhverfismál. Þessi stefna er mótuð af bæjarstjórn en skipulags- og byggingarráð vinnur tillögur og undirbúningsvinnu. Stefnan þarf helst að vera skýr og rökstudd og þannig sett fram að hægt sé að meta framfylgd hennar í ákvæðum og skilmálum aðalskipulagsins og framkvæmd þess.

Verkþættir unnir af starfsfólki umhverfis- og byggingarsviðs

- Samantekt forsenduheftis. Uppfærsla fyrirbyggjandi gagna. Öflun nýrra.
- Aðalskipulagsupprættir á öllum stigum verksins.
- Skýringarmyndir.
- Samráð um stefnumótun, utanumhald, framkvæmd og greining. Undirbúningur fyrir stefnumótun skipulags- og byggingarráðs og bæjarstjórnar.
- Framsetning skipulagskosta.
- Undirbúningur fyrir vinnu SUR við UMÁ.
- Samanburður skipulagskosta og val. Umhverfismat áætlunarinnar UMÁ.
- Ritstjórn greinargerðar?
- Verkstjórn?

Verkefni skipulags- og byggingarráðs (SUR)

- Stefnumótun. Þátttaka og úrvinnsla úr samráði við íbúa og hagsmunaaðila.
- Samanburður skipulagskosta og val. Umhverfismat áætlunarinnar UMÁ.
- Umfjöllun og yfirferð skipulagsgagna á öllum stigum.
- Afgreiðsla tillögu til auglýsingar.
- Yfirferð athugasemda og tillögur um afgreiðslu þeirra.

Verkþættir sem gætu unnist af skipulagsráðgjafa og öðrum ráðgjöfum

- Þátttaka í stefnumótunarvinnu. Undirbúningur og greining. Tillögugerð fyrir SUR.
- Sérupprættir og skýringarmyndir.
- Undirbúningur og uppsetning kynningarefnis.
- Framsetning skipulagskosta.
- Undirbúningur fyrir vinnu SUR við UMÁ.
- Samanburður skipulagskosta og val. Umhverfismat áætlunarinnar UMÁ.
- Ritstjórn greinargerðar?
- Ritstjórn umhverfisskýrslu.
- Verkstjórn?

Annað

- Uppsetning vefsíðna á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.
 - Upplýsingavefur.
 - Gagnvirkur vefur – umræðuvefur.

Ráðgjafar

- Skipulagsráðgjafi.
- Ráðgjafi um samgöngumál og tæknimál.
- Ráðgjafi um umhverfismál og/eða umhverfismat áætlana UMÁ.
- Annað?